

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um stjórnsýslumeðferð hjúskaparmála nr. 230/1992.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. 4. tl. orðast svo: Hverjir eru mættir og eftir atvikum hvort mál sé tekið fyrir í gegnum síma, fjarfundarbúnað eða annað samskiptatæki, sbr. 2. mgr. 9. gr.
- b. Í stað orðanna „lögð eru fram“ í 7. tl. kemur: liggja fyrir.
- c. Í stað orðsins „frammi“ í 8. tl. kemur orðið: fyrir.
- d. 10. tl. orðast svo: Í niðurlagi bókunar að hún hafi verið lesin í heyranda hljóði, eftir atvikum í gegnum síma, fjarfundarbúnað eða annað samskiptatæki og staðfest rétt af hjónum eða umboðsmönnum þeirra með undirritun þeirra. Heimilt er að óska eftir undirritun eða staðfestingu málsaðila með rafrænum hætti.

#### 2. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef sérstaklega stendur á að mati sýslumanns getur sýslumaður ákveðið að mál sé tekið fyrir í gegnum síma, fjarfundarbúnað eða annað fjarskiptatæki enda verði fyrirtöku málsins háttáð þannig að allir heyri þau orðaskipti sem fram fara.

#### 3. gr.

Við 11. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef sérstaklega stendur á að mati sýslumanns getur sýslumaður ákveðið að aðila skuli gefinn kostur á að tjá sig um mál í gegnum síma, fjarfundarbúnað eða annað fjarskiptatæki í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 133. gr. hjúskaparlaga, nr. 31 14. apríl 1993, öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 27. mars 2020.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

*Haukur Guðmundsson.*